

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2018

**Efni: Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (upprunatengdir ostar, móðurmjólk).
581. mál.**

Viðskiptaráð Íslands þakkar fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn. Með lagafrumvarpi þessu stendur til að hraða innleiðingu á auknum kvótum vegna innflutnings á sérostum þannig að hún komi til framkvæmda á fyrsta ári gildistíma samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur. Þá er einnig kveðið á um að tollar á innflutta móðurmjólk verði felldir niður.

Viðskiptaráð styður frumvarpið heilshugar, en vill þó nýta tækifærið til að ítreka fyrri skrif ráðsins er varða tollvernd¹. Að mati Viðskiptaráðs eiga tollar í flestum, ef ekki öllum, tilvikum ekki rétt á sér. Aukning tollkvóta er vissulega skref í rétta átt en að mati ráðsins væri æskilegast að afnema tolla að fullu á allar vörutegundir, enda myndi sú breyting skila mestum ávinningi fyrir bæði neytendur og íslenskt atvinnulíf. Mikil tollvernd takmarkar vöruúrval, ásamt því að innlendir framleiðendur búa við lítið sem ekkert aðhald frá erlendum samkeppnisaðilum. Slík samkeppni myndi hvetja til meiri hagkvæmni í rekstri innlendra fyrirtækja og á endanum auka velferð neytenda.

Gott dæmi um þetta er niðurfelling tolla á gúrkur, tómata og papriku árið 2002. Við afnámið lækkaði útsöluverð á einstökum tegundum um allt að 45%². Í framhaldinu jókst framleiðni í grænmetisframleiðslu meira en í öðrum greinum landbúnaðarins, og fleiri tegundir grænmetis eru framleiddar hérlendis en áður. Nýsköpun og fjölbreytni í greininni hefur þar af leiðandi aukist, öllum aðilum til hagsbóta. Aukin framleiðni hefur svo aftur skilað sér í hærri launum í grænmetisframleiðslu heldur en í öðrum landbúnaði³. Þá mætti einnig líta til ávinnings neytenda er tollar og vörugjöld á vörur að undanskildum búvörum voru afnumdir árin 2015-2016⁴.


¹ Viðskiptaráð Íslands (apríl 2015) „Hverjar eru okkar ær og kýr? Nauðsynlegar breytingar í íslenskum landbúnaði“ http://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/skidanir/skodun_aer_og_kyr.pdf

²) Daði Már Kristófersson og Erna Bjarnadóttir (2011): “Staða íslensks landbúnaðar gagnvart aðild að Evrópusambandinu.”

³ Ásgeir Friðrik Heiðsson, „Tollar afnumdir, so what?“ <https://romur.is/2634-2/>

⁴ Viðskiptaráð Íslands (september 2016) „Ódýr umræða um verðlagsþróun“ <https://medium.com/@vidskiptarad/verdlagsthroun-3ea1d668763d>

Vörutegundir sem njóta tollverndar eru margar dýrari hérlendis á meðan vörutegundir án slíkrar verndar eru ódýrari



Verð á vörutegundum sem ekki njóta tollverndar er lægra en í öðrum ríkjum, en þær vörutegundir sem njóta tollverndar eru allt að 59% dýrari hérlendis (sjá mynd). Tollvernd fyrir landbúnað er mun meiri hérlendis en í nágrennalöndum okkar, og telur Viðskiptaráð að þessu þurfi að breyta. Ráðið hefur í því samhengi bent á skilvirkari leiðir til að styðja við landbúnað⁵. Neytendur eiga rétt á að kerfið dragi ekki úr aðgengi þeirra að fjölbreyttum matvælum á hagstæðu verði.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur jafnframt stjórnvöld til að afnema tolla að fullu á allar vörutegundir.

Virðingarfyllt,

Kennadur Guðjónsson

⁵ Viðskiptaráð Íslands (september 2017) „Rof í landbúnaði – stígum skrefið til fulls“ <https://medium.com/@vidskiptarad/rof-%C3%AD-landb%C3%BAa%C3%B0i-st%C3%ADgum-skrefi%C3%B0-til-fulls-b5ea9562e926>